

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Valgerði Árnadóttur um útvistun ræstinga.

1. *Hversu margar ríkisstofnanir hafa á undanförunum tíu árum útvistað ræstingum á húsnæði sínu?*

Sex stofnanir hafa útvistað ræstingum á síðustu tíu árum.

2. *Hvaða ríkisstofnanir eru með samninga við einkarekin ræstingafyrirtæki og hvaða fyrirtæki er um að ræða? Svar óskast sundurliðað eftir stofnunum.*

Tryggingastofnun ríkisins, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta, úrskurðarnefnd velferðarmála, umboðsmaður skuldara, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Vinnueftirlit ríkisins, að hluta. Samið hefur verið við Daga hf., LBC projects, Hreint ehf. og Iclean.

3. *Hvað hefur útvistun ræstinga til einkarekinna fyrirtækja sparað ríkisstofnunum háar fjárhæðir á síðastliðnum tíu árum eða frá því að ræstingum var útvistað? Svar óskast sundurliðað eftir stofnunum.*

Ekki liggur fyrir hversu mikið útvistun hefur sparað stofnunum háar fjárhæðir. Í einhverjum tilfellum hefur útvistun varað mjög lengi og stærð og umfang húsnæðis hefur breyst. Í öðrum tilvikum er útvistun nýtt til að tryggja fyrirsjáanleika ræstinga vinnurýma, frekar en ávinnings í fjárhæðum.

4. *Hversu lengi halda samningar milli stofnunar og ræstingafyrirtækis að meðaltali?*

Um er að ræða ótímabundna samninga með stuttum uppsagnarfresti.

5. *Hver var meðalstarfsaldur ræstingafólks ríkisstofnana þegar störfum þess var útvistað til einkarekins ræstingafyrirtækis? Svar óskast sundurliðað eftir stofnunum.*

Meðalstarfsaldur liggur ekki fyrir. Hafa ber í huga að í millitíðinni hafa stofnanir flust á milli ráðuneyta.